Markaðspunktar í dag:


- Spáum 1% verðbólgu í febrúar

Spáum 1% verðbólgu í febrúar

Greiningardeild spáir 1% hækkun vísitölu neysluverðs (VNV) í febrúar. Gangi spáin eftir mun tólf mánaða verðbólga áfram mælast 4,2%. Bráðabirgðaspá greiningardeildar fyrir næstu mánuði gerir ráð fyrir 1,1% hækkun VNV í mars, 0,5% hækkun í apríl og 0,4% hækkun í maí. Gangi bráðabirgðaspá okkar eftir mun ársverðbólga mælast 4,4% í maí.

Í febrúar- og marsmánuði dregur jafnan úr útsöluáhrifum sem leiðir til hækkunar á verði, m.a. fatnaðar og skóa. Áhrifin voru umtalsvert sterkari í janúar (-0,9%) en við höfðum gert ráð fyrir og má ætla að útsölur gangi til baka að fullu í febrúar og mars og hafi því samtals 0,9% áhrif til hækkunar VNV.

Greiningardeild telur að gengisáhrifa gæti áfram við mælingu VNV í þessum mánuði líkt og í janúar síðastliðnum. Almennt er talið að gengislekinn sé um 0,3-0,4% af 1% gengisbreytingu. Við áætlum að um 0,4% af veikingu krónunnar frá því í desember hafi skilað sér í janúarmælingu Hagstofunnar og má því gera ráð fyrir að ríflega 1% eigi eftir að skila sér út í verðlagið á næstu 12-18 mánuðum að öðru óbreyttu.



Heimild: Seðlabanki Íslands

Helstu þættir í febrúarspá okkar:


- **Útsöluáhrif leiða til hækkana**. Útsöluáhrif í janúar voru ívið meiri en gert hafði verið ráð fyrir (-0,9% í stað -0,7%). Þ.a.l. gerir Greiningardeild ráð fyrir að áhrif þess að útsölur gangi til baka verði umtalsverð í þessum mánuði sem og þeim næsta. *Áhrif í febrúar: +0,45%.*

- **Eldsneytisverð hækkar umtalsvert**. Verð á hvern lítra hefur hækkað svo um munar á fyrstu vikum ársins. Skýrist það einkum af því að heimsmarkaðsverð á olíu hefur farið hækkandi síðan í desember síðastliðnum. *Áhrif í febrúar: +0,33%.*

- **Flugið hækkar lítillega**. Líkt og áður er þessi liður umvafinn talsverðri óvissu. Liðurinn hækkaði mikið í janúar (0,12%). Miðað við þróun síðustu ára hefur verið hækkun í febrúar á þessum lið og gerir Greiningardeild ráð fyrir áframhaldi á þeirri þróun, en með örlítið hóflegra yfirbragði. *Áhrif í febrúar: +0,05%.*

- **Matur og drykkur hækkar.** Líkt og áður sagði gerum við ráð fyrir áframhaldandi gengisáhrifum vegna veikingar krónunnar og því haldi verð á mat- og drykkjarvörum áfram að hækka. *Áhrif í febrúar: +0,02%*

- **Húsnæðisliðurinn hækkar**. Í janúar lækkaði húsnæðisliðurinn um -0,07% þvert á spá Greiningardeildar (+0,05%). Svo virðist vera sem veruleg verðlækkun hafi mælst utan höfuðborgarsvæðisins í janúar. Í ljósi þess að Hagstofan tekur mið af breytingum síðustu þrjá mánuði þá má ætla að áhrifin hangi enn inni í febrúarmælingu. Jafnframt virðist sem markaðsvextir húsnæðislána hafi dregið verðbólguna lítillega niður og gerum við ráð fyrir svipuðum áhrifum í febrúar. Heilt yfir árin 2013 og 2014 teljum við hins vegar að fasteignaverð á höfuðborgarsvæðinu muni hækka um 8-9% (sjá: Fasteignamarkaður á göngudeild). Í ljósi þessa teljum við að húsnæðisliðurinn muni halda áfram hækka þegar áhrifa vegna verðlækkunar á landsbyggðinni fjara út. *Áhrif í febrúar: -0,04%.*



Heimild: Þjóðskrá Íslands og Hagstofa Íslands


Bráðabirgðaspá
Krónan hefur átt undir högg að sækja á síðustu vikum. Við teljum að sú veiking sem verið hefur muni smitast út í verðlagið á næstu mánuðum. Við spáum talsverðri verðbólgu í næsta mánuði en hún helgast einna helst af áhrifum vegna útsöluloka. Gangi bráðabirgðaspá okkar eftir er útlit fyrir að ársverðbólga verði komin í 4,4% í maí nk.

Bráðabirgðaspá okkar miðað við óbreytt eldsneytisverð og óbreytt gengi krónunnar.

Mars +1,1%. Útsölur ganga að öllu leyti til baka og frekari gengisáhrif.

Apríl +0,5%. Árstíðarbundnar hækkanir og lítilsháttar gengisáhrif.


Maí +0,4%. Árstíðarbundnar hækkanir.



Heimild: Hagstofa Íslands og Greiningardeild

Hvernig rímar spáin við væntingar markaðarins
Líkt og væntingakönnun Seðlabanka Íslands tiltekur búast helstu markaðsaðilar við 4,2% ársverðbólgu á fyrsta fjórðungi þessa árs og 4,3% á þeim næsta. Slík gildi ríma við spá okkar.

Hæglega mætti notast við ávöxtunarkröfu stysta íbúðabréfaflokksins (HFF150914) til að áætla verðbólguálag til skemmri tíma, eða til 10 næstu mánaða ef notast er við meðaltíma. Hins vegar er erfitt að réttlæta samanburð verðbólguvæntinga út frá slíkum mælingum þar sem flokkkurinn hefur sérkennilega verðmyndun vegna vöntunar á viðskiptavakt, t.a.m. eru viðskipti með flokkinn strjál (viðskipti 55% viðskiptadaga síðan í upphafi árs 2012 samanborið við 97% fyrir HFF150644). Þ.a.l. er hér frekar stuðst við verðbólguálag til fimm og tíu ára reiknað út frá ávöxtunarkröfu skuldabréfavísitalna Nasdaq OMX Iceland. Líkt og myndin sýnir vænta markaðsaðilar 3,9% árlegrar verðbólgu að meðatali næstu fimm ár og 4,5% tíu ár fram í tímann. Fimm ára verðbólguvæntingar hafa sveiflast í kringum 4% að undanförnu en ekki er útilokað að verðbólguvæntingar hækki lítillega á ný ef krónan heldur áfram að veikjast og verðbólgumælingar litast af áhrifum vegna þessa.



Heimild: Nasdaq OMX Iceland

Markaðspunktar Greiningardeildar Arion banka

Ásdís Kristjánsdóttir	asdis.kristjansdottir@arionbanki.is	444-6968
Fannar Jónsson	fannar.jonsson@arionbanki.is	444-6962
Hafsteinn Hauksson	hafsteinn.hauksson@arionbanki.is	444-6993
Stefán Broddi Guðjónsson	stefan.gudjonsson@arionbanki.is	444-6959

Ábyrgðarmaður: Ásdís Kristjánsdóttir

Fyrirvari

Þær skoðanir og spár sem hér koma fram eru byggðar á almennum upplýsingum sem Greiningardeild Arion banka hefur undir höndum þegar Markaðspunktar eru ritaðir. Helstu heimildir eru ársskýrslur, afkomufundir og hluthafafundir auk annarra opinberra upplýsinga sem birst hafa í fjölmiðlum og á öðrum vettvangi. Upplýsingar í umfjöllun eru einungis birtar í upplýsingarskyni og þær ber ekki að skoða sem tilboð á einn eða annan hátt og ekki skal líta á efnið sem ráðgjöf um kaup, sölu eða aðra ráðstöfun fjármálagerninga sem umfjöllunin kann að varða, beint eða óbeint. Skoðanir og spár geta breyst án fyrirvara. Þrátt fyrir að þess sé sérstaklega gætt að upplýsingarnar séu réttar og nákvæmar þegar þær eru settar fram getur Arion banki, eða starfsmenn Arion banka ekki tekið ábyrgð á villum. Vinsamlegast hafið samband við markaðsviðskipti Arion banka eða ráðgjafa áður en gengið er frá viðskiptum sem byggja á þessum Markaðspunktum. Arion banki hf. og starfsmenn félagsins taka ekki ábyrgð á því ef að gengi einstakra bréfa sem félagið mælir með kaupum á kunni að lækka og öfugt. Einnig skal bent á að árangur í fortíð er ekki örugg vísbending eða trygging fyrir árangri í framtíð.

Arion banki, starfsmenn Arion banka, stjórnarmenn eða aðilar tengdir Arion banka kunna að eiga hagsmuna að gæta varðandi einstök félög sem greiningar, verðmatsskýrslur og annað útgáfuefni Greiningardeildar Arion banka lýtur að hverju sinni. Hagsmunir kunna að vera ýmsir t.d. sem hluthafar eða ráðgjafar í einstaka félögum, umsjónaraðilar útboða, viðskiptavaki útgefenda eða hagsmunir sem lúta að annarri veittri fjárfestingabankaþjónustu.

Athugasemdir, ábendingar og fyrirspurnir tengdar markaðspunktum sendist á netfangið greiningardeild@arionbanki.is